

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2015

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um aukinn stuðning við móttöku flóttafólks á 145. löggjafarþingi 2015–2016. Þingskjal 9 — 9. mál.

Virðingarfyllt,
f.h. Rauða krossins á Íslandi,



Guðmundur Jóhannsson,
starfandi framkvæmdastjóri.



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

um tillögu til þingsályktunar um aukinn stuðning við móttöku flóttafólks

145. löggjafarþing 2015–2016. Þingskjal 9 - 9. mál.

I. Almennar athugasemdir

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindri tillögu til þingsályktunar.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og hælisleitenda í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar í samvinnu við Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Á Íslandi hefur Rauði krossinn unnið að móttöku flóttamanna á Íslandi frá árinu 1956 og komið að móttöku og aðstoð við nær alla flóttamenn sem hafa komið til Íslands. Hlutverk og aðkoma Rauða krossins byggist á grundvallarhugsjónum Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans um mannúð, hlutleysi, óhlutdrægni, sjálfstæði og sjálfböðna þjónustu. Auk þess byggir hlutverk Rauða krossins á stoðhlutverki (e. *auxiliary role*) félagsins við stjórnvöld sem staðfest er með lögum um Rauða krossinn á Íslandi nr. 115/2014.

Undanfarna mánuði hefur flóttafólki fjölgað mjög í Evrópu og hefur félagið fylgst vel með þeirri þróun og lagt systurfélögum sínum í álfunni lið. Rauði krossinn á Íslandi hefur meðal annars stutt Rauða kross félögin á Kýpur, Ítalíu og Möltu fjárhagslega við að styrkja og bæta viðbragðsbúnað sinn til að taka á móti hópi flóttamanna og veita þeim neyðar- og mannúðaraðstoð. Sömuleiðis áformar Rauði krossinn að styðja gríska Rauða krossinn og Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans til að draga úr þeim vandamálum sem flóttafólk stendur frammi fyrir í Grikklandi og lina þjáningar þess.

Rauði krossinn tekur undir það sem fram kemur í greinargerð við tillöguna um að það ástand sem skapast hefur í Sýrlandi og nágrannaríkjum þess kallar á mikla mannúðaraðstoð. Flóttamannavandinn sem skapast hefur af átökum í Sýrlandi á sér fá fordæmi og það er gríðarleg neyð sem flóttamenn frá Sýrlandi, og fleiri ríkjum, standa frammi fyrir. Til að koma til móts við og leysa slíkan vanda þarf í fyrsta lagi að stuðla að friðsamlegri lausn deilumála og koma í veg fyrir að slíkt ástand endurtaki sig. Í öðru lagi er hægt að stórauka mannúðaraðstoð við almenna borgara í stríðshrjáðum ríkjum í gegnum alþjóðasamtök á borð við Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og við flóttamenn í nágrannaríkjum stríðshrjáðra ríkja þar sem fjölmörg hjálparsamtök vinna mikilvægt starf. Oft háir skortur á fjármagni starfi þeirra. Í þriðja lagi getur Ísland í senn hvatt önnur ríki til að taka við auknum fjölda svokallaðra kvótaflóttamanna í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og gert slíkt hið sama og tillagan gerir ráð fyrir.

Umsögn sína um tillöguna til þingsályktunartillögunar byggir Rauði krossinn á ofangreindu auk grundvallarhugsjóna Rauða kross hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi, sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans og áratuga löngu starfi við móttöku flóttamanna og aðstoðar við hælisleitendur.

Athugasemdir við þingsályktunartillöguna

- a. *Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja þegar í stað undirbúning á móttöku flóttamanna, þ.e. kvótaflóttafólks, til landsins á næstu þremur árum í samvinnu við Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna. Stefnt verði að því að a.m.k. 100 flóttamönnum verði boðin dvöl hér á landi árið 2015, 200 árið 2016 og 200 árið 2017. Sérstök áhersla verði lögð á móttöku flóttafólks frá Sýrlandi og flóttafólks annars staðar frá sem er í sambærilegri stöðu og viðkvæmir hópar flóttamanna sem Ísland hefur tekið á móti undanfarin ár í samstarfi við Flóttamannahjálpinna.*

Ísland hefur í gegnum árin tekið á móti hlutfallslega fáum kvótaflóttamönnum samanborið við önnur Norðurlönd og getur gert mikið betur í þeim efnum. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að veita 50-60 sýrlenskum flóttamönnum hæli á Íslandi þegar á þessu ári í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Það er óvíst hvort hægt væri að taka á móti fleira kvótaflóttafólki á þessu ári hingað til lands í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna vegna þess að ferlið tekur yfirleitt 2-4 mánuði.

Hins vegar telur Rauði krossinn að sá fjöldi sem fram kemur í tillögunni um að tekið verði á móti 200 flóttamönnum á ári árin 2016 og 2017 sé viðráðanlegur að því gefnu að tryggt sé að nægjanlegt fjármagn fái til móttökunnar, að fjöldinn dreifist á nokkur sveitarfélög og gengið verði frá samstarfssamningum við þá aðila sem koma að verkefninu. Til að tryggja samfellu og hámarksárangur varðandi móttökurnar væri bæði hyggilegt og skilvirkt að taka upp ársfjórðungslegar komur árin 2016-2017 sem eru árin sem tillagan tekur til.

- ii. *Vegna langvarandi stríðsástands í Sýrlandi skal jafnframt unnið að aukinni fjölskyldusameiningu Sýrlendinga, m.a. með því að heimila tímabundið veitingu dvalarleyfa til aðstandenda Sýrlendinga sem búsettir eru á Íslandi.*

Rauði krossinn styður þann hluta tillögunnar sem gerir ráð fyrir aukinni fjölskyldusameiningu Sýrlendinga. Skilyrði fyrir slíkum fjölskyldusameiningum yrðu að vera skýr og þau þyrftu að gæta jafnræðis en vegna vopnaðra átaka í Sýrlandi þyrfti jafnframt að taka tillit til þess að ekki geti fólk í öllum tilfellum reitt fram öll þau gögn sem er gert undir venjulegum kringumstæðum.

- iii. *Þá verði samhliða unnin áætlun um móttöku kvótaflóttamanna sem taki gildi árið 2018 þar sem tryggt verði að Ísland taki á móti flóttafólki til samræmis við íbúafjölda og efnahag landsins.*

Rauði krossinn fagnar og styður þann hluta tillögunnar sem lýtur að áætlun um móttöku flóttamanna. Rauði krossinn hefur lengi talað fyrir reglulegri móttöku svokallaðra kvótaflóttamanna sem unnin er hérlandis í samvinnu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, íslenskra stjórnvalda, móttökusveitarfélaga og Rauða krossins. Slíkt fyrirkomulag myndi auðvelda mjög allt skipulag, utanumhald og samvinnu þeirra aðila sem að slíkum verkefnum koma auk fyrirsjáanleika gagnvart Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Lokaorð

Rauði krossinn vill ennfremur koma því sjónarmiði sínu á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd að vegna aukins fjölda flóttamanna inn í Evrópu undanfarna mánuði telur félagið eðlilegt að endursendingum á grundvelli Dyflinnarsamstarfsins verði, a.m.k. tímabundið, hætt til Ítalíu og Ungverjalands. Ástæðan er ekki aðeins mikill fjöldi flóttamanna sem þangað leitar, sem þó er ekki mikill samanborið við nágrannaríki stríðshrjáðra ríkja, heldur einnig vegna þess að bæði aðbúnaður flóttamanna og málsmeðferð þeirra hefur í þessum ríkjum sætt gagnrýni. Mikill vafi leikur á því hvort

ofantalin ríki geti eða vilji virða alþjóðlegar skuldbindingar sínar gagnvart fólki á flótta sem þangað leitar og með vísan til þess er eðlilegt að stöðva endursendingar þangað, a.m.k. tímabundið.

Með slíkri ákvörðun færi Ísland fram með góðu fordæmi og væri hún í anda Dyflinnarsamstarfsins sem kveður skýrt á að aðildarríkin deili með sér ábyrgð á því flóttafólki sem leitar verndar í álfunni. Með vísan til framangreinds telur félagið eðlilegt að Ísland skoði jafnframt þann möguleika að stöðva tímabundnar endursendingar til annarra ríkja þar sem mikill fjöldi flóttamanna hefur óskað hælis.

Fulltrúar Rauða krossins á Íslandi eru tilbúnir að hitta allsherjar- og menntamálanefnd til að ræða ofangreind sjónarmið betur og gera grein fyrir þeim sé þess óskað.